

í bréfi dags. 12. nóv. '72: „Eins og skýrslan ber með sér, hefur jökullinn hopað á árinu og ekki sjáanleg ókyrrð í honum á mælistöðunum. Jökullinn lágur og sléttur langt inn eftir.

Aftur á móti er greinileg ókyrrð á honum ofan við Jökulsárlónið fyrir austan miðju á Því, og hefur svo verið síðan í fyrra. Lónið alltaf troðfullt af stórum borgarís og tunga gengur fram úr jöklinum fram í lónið, en hefur alltaf brotnað jafnharðan. Sjá má það líka, að jökullinn er mjög sprunginn þvers og langs þar upp af og æði langt inn eftir, ósléttur eins og hrunjökull. Hvað lengi lónið getur tekið við þessu get ég ekki sagt eða vil ekki um spá. Annars held ég, að jökullinn haldi áfram að lækka jafnt og stöðugt.“

Eyjabakkajökull

Gunnsteinn Stefánsson á Egilsstöðum hefur sent mér eftirfarandi skýrslu um framhlaup Eyjabakkajökuls: „Hinn 25. ágúst '72 varð Jökulsá í Fljótsdal óvenju skollituð. Mikill jökulkorgur var í vatninu, að öðru leyti var rennslið með eðlilegum hætti.

Um 20. september sáu gangnamenn úr Fljótsdal, að Eyjabakkajökull var mikið sprunginn og hlaupinn fram. Áætluðu þeir framhlaupið um 800–1000 metra.

Laugardaginn 7. október setur Völundur Jóhannesson, Egilsstöðum, niður jökulmerki og mælir inn stöðu jökultungunnar.

Laugardaginn 21. október mældu Gunnsteinn og Völundur framhlaupið frá 7. október, sem reyndist vera 370 metrar eða röskir 26 metrar á sólarhring að meðaltali. Áin var kornlítill og kom í smáum gusum út úr jöklinum með nokkurra mínútna millibili. Jökullinn skreið fram yfir ógróið land og var að nálgast smájökullón.“

Blinda í fé af völdum Skeiðarárhlaups

Skeiðarárhlaupinu árið 1948 fylgdi mjög sterk lykt, og gætti hennar sérstaklega einn dag, sem líklega hefur stafað af því, að þann dag var vestanvindur og belgdi hlaupvatnið þá austur með sveitinni. Ekki er nú vitað, hvaða dag þetta var, en mun þó hafa verið nokkru áður en hlaupið náði hámarki, sem var 23. febrúar.

Þennan dag veitti Bjarni Sigurðsson bóndi á Hofnesi því athygli, þegar hann lét inn fé, sem verið hafði á beit á sléttlendinu neðan við bæinn, að það var blautt neðan við augun og sumar kindurnar jafnvel sjónðaparar, en ekki varð vart við neitt óvenjulegt á þeim kindum, sem reknar höfðu verið upp fyrir bæinn. Daginn eftir var enn rennsli af augum ána og sumar ærnar virtust blindar, en á þriðja degi voru þó flestar orðnar það góðar í augunum, að fært þótti að hleypa þeim á haga. Nokkrar varð þó að hafa inni í viku.

Sömu einkenna varð vart á fé, sem hleypt var niður á sléttlendi á Fagurhólsmýri, en mun hafa verið í minna mæli.

Á Hofi varð þessara einkenna ekki vart í heimafénu, en mikið bar á sauðum, sem voru við beitarhús á svonefndum Kótum og voru þennan dag nálægt hlaupvatninu, og urðu Hofsmenn af þeim sökum að taka allmarga sauði heim og hafa þá inni nokkra daga. Þar sem ekki varð vart við blindu í öðru fé en því, sem þennan dag var nærri vatnsborði hlaupvatnsins eða litlu herra, var álituð, að hún stafaði frá Skeiðarárhlaupinu, en ekki er vitað um, að önnur Skeiðarárhlaup hafi valdið blindu í sauðfé. — Engin vissa er þó fyrir, að þetta hafi ekki komið fyrir áður, því ekkert hefur verið um þetta skrifað, og örfáir menn muna nú eftir blindunni í sauðfénu í febrúar árið 1948.

Kviskerjum, 10. apríl 1972.

Sigurður Björnsson.

Heimildarmenn:

Bjarni Sigurðsson, Hofnesi.

Magnús Þorsteinsson, Hofi.

Bergur Þorsteinsson, Hofi.